

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 461/2010

2012/EES/54/03

frá 27. maí 2010

um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða á sviði vélknúinna ökutækja (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins nr. 19/65/EBE frá 2. mars 1965 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða ⁽¹⁾, einkum 1. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð nr. 19/65/EBE veitir framkvæmdastjórninni umboð til að beita, með reglugerð, 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ⁽²⁾ gagnvart tilteknum flokkum lóðréttra samninga og samsvarandi samstilltra aðgerða sem falla undir gildissvið 1. mgr. 101. gr. í sáttmálanum. Reglugerðir um hópundanþágur gilda um lóðrétt samninga sem uppfylla tiltekin skilyrði og eru annaðhvort almennar eða varða tiltekin svið.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur skilgreint flokk lóðréttra samninga, sem hún telur að öllu jöfnu uppfylla þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 101. gr. sáttmálans, og hefur í þessu skyni samþykkt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 330/2010 frá 20. apríl um að beita 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um

starfshætti Evrópusambandsins á flokka lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða ⁽³⁾, og kemur hún í stað reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2790/1999 ⁽⁴⁾.

- 3) Svið vélknúinna ökutækja, sem nær bæði yfir fólksbifreiðar og atvinnuökutæki, hefur, frá árinu 1985, fallið undir sérstakar reglugerðir um hópundanþágur og er sú nýjasta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1400/2002 frá 31. júlí 2002 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum lóðréttra samninga samstilltra aðgerða á sviði vélknúinna ökutækja ⁽⁵⁾. Í reglugerð (EB) nr. 2790/1999 var það skýrt tekið fram að hún gilti ekki um lóðrétt samninga þegar viðfangsefni þeirra félli undir gildissvið annarrar reglugerðar um hópundanþágur. Svið vélknúinna ökutækja var því utan gildissviðs þeirrar reglugerðar.
- 4) Reglugerð (EB) nr. 1400/2002 fellur úr gildi 31. maí 2010. Svið vélknúinna ökutækja skal þó áfram hafa ávinning af hópundanþágum til að einfalda stjórnsýsluna og draga úr kostnaði hlutaðeigandi fyrirtækja við að fylgja reglunum, en tryggja jafnframt skilvirkt markaðsefirlit í samræmi við b-lið 2. mgr. 103. gr. í sáttmálanum.
- 5) Sú reynsla, sem fengist hefur frá árinu 2002 hvað varðar dreifingu nýrra, vélknúinna ökutækja, dreifingu varahluta og veitingu viðgerðar- og viðhaldsþjónustu, gerir það kleift að skilgreina flokk lóðréttra samninga á sviði vélknúinna ökutækja sem telja má að uppfylli að öllu jöfnu þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 101. gr. sáttmálans.
- 6) Þessi flokkur nær yfir lóðrétt samninga um kaup, sölu eða endursölu á nýjum, vélknúnum ökutækjum, lóðrétt samninga um kaup, sölu eða endursölu á varahlutum í vélknúin ökutæki og lóðrétt samninga um að veita viðgerðar- og viðhaldsþjónustu fyrir slík ökutæki þar sem þessir samningar eru gerðir milli fyrirtækja sem ekki eiga í samkeppni, milli tiltekinna samkeppnisaðila eða milli tiltekinna samtaka vörusmáala eða viðgerðarverkstæða. Hann tekur einnig til lóðréttra samninga sem innihalda fylgiákvæði um framsal eða notkun hugverkaréttar. Hugtakið „lóðréttir samningar“ skal skilgreina á þá leið að í því felist bæði slíkir samningar og samsvarandi samstilltar aðgerðir.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 129, 28.5.2010, bls. 52. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 59, 21.10.2010, bls. 13.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 36, 6.3.1965, bls. 533/65.

⁽²⁾ Frá og með 1. desember 2009 telst 81. gr. EB-sáttmálans vera 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Þessar greinar eru efnislega samhljóða. Að því er varðar þessa reglugerð geta vísanir til 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins verið vísanir til 81. gr. EB-sáttmálans, eftir því sem við á.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 102, 23.4.2010, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 336, 29.12.1999, bls. 21.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 203, 1.8.2002, bls. 30.

- 7) Tilteknar gerðir lóðrétttra samninga geta bætt efnahagslega skilvirkni innan framleiðslu- eða dreifingarferlis með því að greiða fyrir aukinni samræmingu milli aðildarfyrirtækjanna. Þær geta einkum leitt til lækkunar á viðskipta- og dreifingarkostnaði aðilanna og til háþróunar á sölu þeirra og fjárfestingum.
- 8) Líkurnar á því að slíkir áhrif, er leiða til aukinnar hagkvæmni, vegi þyngra en hvers konar samkeppnishamlandi áhrif vegna takmarkana í lóðréttum samningum ráðast af markaðsstyrk aðila að samningnum og því hve mikla samkeppni aðrir vöru- og þjónustubirgjar veita, sem kaupandi myndi telja jafngilda eða hliðstæða út frá einkennum vörunnar, verði og fyrirhuguðum notum. Lóðréttir samningar, sem innihalda takmarkanir sem líklegt er að takmarki samkeppni og skaði neytendur, eða sem ekki eru ómissandi til að ná áhrifum er leiða til aukinnar hagkvæmni, skulu undanskildir ávinningi af hópundanþágunni.
- 9) Til að afmarka viðeigandi gildissvið reglugerðar um hópundanþágur verður framkvæmdastjórnin að taka tillit til samkeppnisstöðu á viðkomandi sviði. Í þessu tilliti sýna niðurstöður nákvæms eftirlits með sviði vélknúinna ökutækja, sem eru settar fram í matsskýrslu um beitingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1400/2002 frá 28. maí 2008 ⁽¹⁾ og í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um framtíðarlagaramma samkeppnislaga frá 22. júlí 2009 ⁽²⁾ að gera þarf greinarmun á samningum um dreifingu nýrra, vélknúinna ökutækja og samningum um framboð á viðgerða- og viðhaldsþjónustu og dreifingu varahluta.
- 10) Að því er varðar dreifingu nýrra, vélknúinna ökutækja virðist ekki vera um neina verulega samkeppnisannmarka að ræða sem greina þetta svið frá öðrum geirum efnahagslífsins og sem útheimta beitingu annarra og strangari reglna en þeirra sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 330/2010. Viðmiðunarmörk fyrir markaðshlutdeild, tilteknir lóðréttir samningar sem ekki hafa hlotið undanþágur og önnur skilyrði sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, tryggja að öllu jöfnu að lóðréttir samningar um dreifingu á nýjum, vélknúnum ökutækjum séu í samræmi við kröfur 3. mgr. 101. gr. sáttmálans. Slíkir samningar skulu því njóta ávinnings af undanþágunni sem fæst með reglugerð (ESB) nr. 330/2010, með fyrirvara um öll skilyrðin sem mælt er fyrir um í henni.
- 11) Að því er varðar samninga um dreifingu varahluta og framboð á viðgerða- og varahlutaþjónustu skal taka tillit til ákveðinna einkenna á eftirmarkaði með vélknúin ökutæki. Einkum sýnir reynslan, sem framkvæmdastjórnin hefur aflað með því að beita reglugerð (EB) nr. 1400/2002, að verðhækkningar fyrir einstakar viðgerðir koma aðeins fram að hluta til í auknum áreiðanleika bifreiða nútímans og lengri þjónustuhléum. Síðarnefnda þróunin tengist tækniþróun og sífellt flóknari og áreiðanlegri varahlutum sem framleiðendur ökutækja kaupa af birgjum sem versla með upprunalegan búnað. Slíkir birgjar selja vörur sínar sem varahluti á eftirmarkaði, bæði gegnum viðurkennd dreifikerfi framleiðenda ökutækja og sjálfstæðar dreifileiðir, og eru með því móti mikilvægt samkeppnisafli á eftirmarkaði með vélknúin ökutæki. Kostnaðurinn, sem neytendur í Sambandinu bera að meðaltali vegna viðgerðar- og viðhaldsþjónustu, er mjög hátt hlutfall heildarútgjalda vegna vélknúinna ökutækja.
- 12) Samkeppnisskilyrði á eftirmarkaði vélknúinna ökutækja hafa líka bein áhrif á almannaoðryggi þar sem ökutæki sem ekki er gert við á réttan hátt geta haft áhrif til hins verra á akstur, sem og á lýðheilsu og umhverfið, vegna þess að koltvísýringur og önnur loftmengunarefni kunna að berast í meira magni frá vélknúnum ökutækjum sem hafa ekki fengið venjulegt viðhald.
- 13) Að svo miklu leyti sem unnt er að skilgreina sérstakan eftirmarkað byggist virk samkeppni á mörkuðunum með kaup og sölu varahluta og framboð á viðgerða- og viðhaldsþjónustu, á umfangi samkeppni milli viðurkenndra viðgerðarverkstæða, þ.e. þeirra sem starfa innan nets viðgerðarverkstæða sem framleiðendur vélknúinna ökutækja hafa beint eða óbeint komið á fót, og milli viðurkenndra og sjálfstætt starfandi rekstraraðila, þ.m.t. sjálfstætt starfandi birgja varahluta og viðgerðarverkstæða. Samkeppnishæfni hinna síðarnefndu er háð ótakmörkuðum aðgangi að nauðsynlegum aðföngum, t.d. varahlutum og tæknilegum upplýsingum.
- 14) Með hliðsjón af þessum sérkennum eru reglurnar í reglugerð (ESB) nr. 330/2010, þ.m.t. hin samræmdu viðmiðunarmörk fyrir markaðshlutdeild sem nema 30%, nauðsynlegar en ekki fullnægjandi til að tryggja að ávinningurinn af hópundanþágunum sé aðeins áskilinn fyrir þá lóðréttu samninga um dreifingu varahluta og framboð á viðgerðar- og viðhaldsþjónustu sem gera má ráð fyrir með nægri vissu að fullnægi skilyrðum 3. mgr. 101. gr. sáttmálans.

⁽¹⁾ SEC (2008) 1946.

⁽²⁾ COM (2009) 388.

- 15) Lóðréttir samningar um dreifingu varahluta og framboð á viðgerðar- og viðhaldsþjónustu skulu því aðeins leiða til ávinnings af hópundanþágum að þeir uppfylli, til viðbótar við skilyrðin fyrir undanþágum sem sett eru fram í reglugerð (ESB) nr. 330/2010, tilteknar tegundir strangra samkeppnishamla sem kunna að takmarka framboð og notkun varahluta á eftirmarkaði með vélknúin ökutæki.
- 16) Einkum skulu samningar, sem hamla sölu varahluta frá aðilum að hinu sérvalda dreifikerfi framleiðenda ökutækja til sjálfstæðra viðgerðaraðila, sem nota þá til viðgerðar- og viðhaldsþjónustu, ekki leiða til ávinnings af hópundanþágum. Ef sjálfstæðir viðgerðaraðilar hafa ekki aðgang að slíkum varahlutum standast þeir ekki samkeppni við viðurkennda viðgerðaraðila þar sem þeir gætu ekki veitt neytendum þá gæðaðþjónustu sem stuðlar að öryggi og áreiðanleika vélknúinna ökutækja.
- 17) Hér við bætist að til að tryggja virka samkeppni á viðgerðar- og viðhaldsmörkuðunum og til að gera viðgerðaraðilum kleift að bjóða notendum varahluti frá samkeppnisaðilum skal hópundanþágan ekki ná yfir lóðréttu samninga sem takmarka, enda þótt þeir séu í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 330/2010, engu að síður möguleika varahlutaframleiðandans á að selja slíka varahluti viðurkenndum viðgerðaraðilum innan dreifikerfis framleiðanda ökutækja, sjálfstæðum dreifingaraðilum varahluta, sjálfstæðum viðgerðaraðilum eða notendum. Þetta hefur hvorki áhrif á bótaábyrgð varahlutaframleiðenda samkvæmt einkamálarétti né möguleika framleiðanda ökutækja innan eigin dreifikerfis á að nota eingöngu varahluti sem jafnast að gæðum á við íhluti sem notaðir eru við samsetningu ákveðinna vélknúinna ökutækja. Auk þess skal undanþágan, í ljósi þess að framleiðanda ökutækis ber samkvæmt samningi að uppfylla ábyrgðarskyldu varðandi viðgerðir, veita ókeypis þjónustu og vinnu í sambandi við innköllun vélknúinna ökutækja, taka til samninga sem fela í sér skuldbindingu af hálfu viðurkenndra viðgerðaraðila um að nota aðeins varahluti frá framleiðanda ökutækisins til slíkra viðgerða.
- 18) Loks, til að viðurkenndir og sjálfstæðir viðgerðaraðilar og notendur geti þekkt framleiðanda íhluta vélknúins ökutækis eða varahluta, og þeir eigi val um annars konar varahluti, skal undanþágan ekki taka til samninga þar sem framleiðandi vélknúinna ökutækja takmarkar möguleika framleiðanda íhluta eða upprunalegra varahluta á að setja vörumerki sitt eða kennimerki á hlutina á skilvirkan og greinilegan hátt.
- 19) Til að allir rekstraraðilar fái ráðrúm til að laga sig að þessari reglugerð er við hæfi að framlengja þann frest sem gefst til að beita ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1400/2002 sem fjalla um lóðréttu samninga um kaup, sölu og endursölu á nýjum, vélknúnum ökutækjum fram til 31. maí 2013. Þessi reglugerð gildir frá 1. júní 2010 að því er varðar lóðréttu samninga um dreifingu á varahlutum og framboð á viðgerðar- og viðhaldsþjónustu til að áfram verði tryggð fullnægjandi samkeppnisvernd á eftirmörkuðum með vélknúin ökutæki.
- 20) Framkvæmdastjórnin mun fylgjast stöðugt með þróuninni á sviði vélknúinna ökutækja og grípa til viðeigandi aðgerða til úrbóta ef annmarkar á samkeppni koma í ljós sem geta leitt til tjóns fyrir neytendur á markaðinum í tengslum við dreifingu á nýjum, vélknúnum ökutækjum eða afhendingu á varahlutum eða viðhaldsþjónustu fyrir vélknúin ökutæki eftir sölu.
- 21) Framkvæmdastjórnin getur afturkallað ávinning af þessari reglugerð, skv. 1. mgr. 29. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans⁽¹⁾, ef hún telur að í einhverju tilteknu tilviki hafi samningur, sem undanþága sem kveðið er á um í þessari reglugerð gildir um, engu að síður áhrif sem samrýmast ekki 3. mgr. 101. gr. sáttmálans.
- 22) Samkeppnisyfirvald aðildarríkis getur afturkallað ávinning af þessari reglugerð skv. 2. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 að því er varðar yferráðasvæði þess aðildarríkis, eða hluta þess, í sérstökum tilvikum þar sem samningur, sem undanþágan sem kveðið er á um í þessari reglugerð gildir um, hefur eigi að síður áhrif sem samrýmast ekki 3. mgr. 101. gr. sáttmálans á yferráðasvæði aðildarríkisins eða hluta þess, þegar slíkt yferráðasvæði hefur öll einkenni sérstaks landfræðilegs markaðar.
- 23) Þegar ákvarða þarf hvort afturkalla eigi ávinning af þessari reglugerð skv. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 skipta höfuðmáli þau samkeppnishamlandi áhrif sem leitt geta af samhliða netum lóðréttu samninga sem hafa svipuð áhrif sem takmarka verulega aðgang að viðkomandi markaði eða takmarka samkeppni á þeim markaði verulega. Slík samlegðaráhrif geta t.d. komið upp í tilvikum þar sem um sérhæfða dreifingu eða skuldbindingu um að taka ekki þátt í samkeppni er að ræða.

(¹) Stjtið. EBL 1, 4. 1.2003, bls. 1.

- 24) Til að styrkja eftirlit með samhliða netum lóðrétttra samninga, sem hafa svipuð samkeppnishamlandi áhrif og ná yfir meira en 50 % af tilteknum markaði, getur framkvæmdastjórnin lýst því yfir, með reglugerð, að þessi reglugerð gildi ekki um lóðrétttra samninga sem í eru tilteknar takmarkanir sem tengjast viðkomandi markaði og þar með sé ákvæði 101. gr. sáttmálans beitt að fullu á ný gagnvart slíkum samningum.
- 25) Til að meta áhrif þessarar reglugerðar á samkeppni í smásölu með vélknúin ökutæki, framboði á varahlutum og viðhaldi á seldum, vélknúnum ökutækjum á innri markaðinum er viðeigandi að gera matsskýrslu um beitingu þessarar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
- a) „lóðréttur samningur“: samningur eða samstillt aðgerð sem tvö eða fleiri fyrirtæki gera sín á milli, sem starfrækt eru, að því er varðar samninginn eða samstilltar aðgerðir, á mismunandi stigum framleiðslu- eða dreifingarferlisins og tengjast þeim skilyrðum sem gilda um kaup, sölu og endursölu aðilanna á tiltekinni vöru eða þjónustu,
- b) „lóðréttar hömlur“: samkeppnishömlur í lóðréttum samningi sem falla undir gildissvið 1. mgr. 101. gr. sáttmálans,
- c) „viðurkenndur viðgerðaraðili“: aðili sem veitir viðgerðar- og viðhaldsþjónustu fyrir vélknúin ökutæki og starfar innan dreifikerfisins sem birgir vélknúinna ökutækja kom á,
- d) „viðurkenndur dreifingaraðili“: aðili sem annast dreifingu á varahlutum fyrir vélknúin ökutæki og starfar innan dreifikerfisins sem birgir vélknúinna ökutækja kom á,
- e) „sjálfstæður viðgerðaraðili“:
- aðili sem veitir viðgerðar- og viðhaldsþjónustu fyrir vélknúin ökutæki og starfar ekki innan dreifikerfisins sem birgir vélknúnu ökutækjanna, sem aðilinn sér um viðgerðir og viðhald fyrir, kom á,
 - viðurkenndur viðgerðaraðili innan dreifikerfis tiltekins birgis, að svo miklu leyti sem hann veitir

viðgerðar- og viðhaldsþjónustu fyrir vélknúin ökutæki án þess þó að vera þátttakandi í dreifikerfi viðkomandi birgis í því tilliti,

- f) „sjálfstæður dreifingaraðili“:
- dreifingaraðili varahluta fyrir vélknúin ökutæki sem starfar ekki innan dreifikerfisins sem birgir vélknúnu ökutækjanna, sem aðilinn sér um dreifingu varahluta fyrir, kom á,
 - viðurkenndur dreifingaraðili innan dreifikerfis tiltekins birgis, að svo miklu leyti sem hann dreifir varahlutum fyrir vélknúin ökutæki án þess þó að vera þátttakandi í dreifikerfi viðkomandi birgis í því tilliti,
- g) „vélknúid ökutæki“: ökutæki knúid eigin vélaraffli ætlað til aksturs á vegum, á þremur eða fleiri hjólum,
- h) „varahlutir“: vörur sem á að setja í eða á vélknúid ökutæki í stað íhluta þess, þ.m.t. vörur á borð við smurefni sem eru nauðsynleg í vélknúid ökutæki, að undanskildu eldsneyti,
- i) „sérvæð dreifikerfi“: dreifikerfi þar sem birgir skuldbindur sig til að selja samningsvörur eða -þjónustu, beint eða óbeint, eingöngu til dreifingaraðila sem valdir eru á grundvelli tiltekinna viðmiðana og þar sem dreifingaraðilar skuldbinda sig til að selja ekki slíkar vörur eða þjónustu til dreifingaraðila sem eru ekki viðurkenndir á yfirráðasvæði sem er frátekið fyrir birgi fyrir starfrækslu þess kerfis.
2. Í þessari reglugerð skal merking hugtakanna „fyrirtæki“, „birgir“, „framleiðandi“ og „kaupandi“ ná til tengdra fyrirtækja þeirra hvers um sig.
- „Tengd fyrirtæki“:
- fyrirtæki þar sem samningsaðili, beint eða óbeint:
 - ræður yfir meirihluta atkvæðisréttar eða
 - getur skipað meira en helming fulltrúa í yfirstjórn eða framkvæmdastjórn fyrirtækisins eða hjá aðilum sem koma fram fyrir hönd fyrirtækisins eða
 - hefur rétt til að stýra rekstri fyrirtækisins,
 - fyrirtæki sem hafa, beint eða óbeint, einhver þau réttindi eða völd, sem um getur í a-lið, í fyrirtæki sem á aðild að samningnum,
 - fyrirtæki þar sem eitt fyrirtæki, sem um getur í b-lið, hefur, beint eða óbeint, þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið,

- d) fyrirtæki þar sem samningsaðili og eitt eða fleiri fyrirtækjanna, sem eru talin upp í a-, b- eða c-lið, eða þar sem tvö eða fleiri af síðastnefndu fyrirtækjunum hafa sameiginlega þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið,
- e) fyrirtæki þar sem þau réttindi og völd, sem eru talin upp í a-lið, eru sameiginlega í höndum:
- samningsaðila eða tengdra fyrirtækja hvers þeirra um sig sem um getur í a- til d-lið eða
 - eins eða fleiri samningsaðila eða eins eða fleiri af tengdum fyrirtækjum þeirra, sem um getur í a- til d-lið, og eins eða fleiri þriðju aðila.

II. KAFLI

LÓÐRÉTTIR SAMNINGAR SEM VARÐA KAUP, SÖLU EDA ENDURSÖLU Á NÝJUM, VÉLKNÚNUM ÖKUTÆKJUM

2. gr.

Beiting reglugerðar (EB) nr. 1400/2002

Samkvæmt 3. mgr. 101. gr. sáttmálans frá 1. júní 2010 til 31. maí 2013 skal 1. mgr. 101. gr. sáttmálans ekki gilda um lóðrétt samninga sem tengjast þeim skilyrðum sem gilda um kaup, sölu og endursölu aðilanna á nýjum, vélknúnum ökutækjum og uppfylla kröfur um undanþágu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1400/2002 sem tengjast sérstaklega lóðréttum samningum um kaup, sölu eða endursölu á nýjum, vélknúnum ökutækjum.

3. gr.

Beiting reglugerðar (ESB) nr. 330/2010

Frá og með 1. júní 2013 skal reglugerð (ESB) nr. 330/2010 gilda um lóðrétt samninga sem varða kaup, sölu eða endursölu nýrra, vélknúinna ökutækja.

III. KAFLI

LÓÐRÉTTIR SAMNINGAR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR EFTIRMARKAÐ FYRIR VÉLKNÚIN ÖKUTÆKI

4. gr.

Undanþága

Samkvæmt 3. mgr. 101. gr. sáttmálans og með fyrirvara um ákvæði þessarar reglugerðar skal 1. mgr. 101. gr. sáttmálans ekki gilda um lóðrétt samninga sem tengjast þeim skilyrðum sem gilda um kaup, sölu eða endursölu aðilanna á varahlutum í vélknúin ökutæki eða viðgerðar- og viðhaldsþjónustu þeirra fyrir vélknúin ökutæki sem uppfylla kröfur um undanþágu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 330/2010 og innihalda engar þeirra alvarlegu takmarkana sem um getur í 5. gr. þessarar reglugerðar.

Þessi undanþága gildir að því marki sem slíkir samningar fela í sér lóðréttar hömlur.

5. gr.

Takmarkanir sem afnema ávinning af hópunanþágu — alvarlegar takmarkanir

Undanþágan, sem kveðið er á um í 4. gr., gildir ekki um lóðrétt samninga sem hafa, beint eða óbeint, einir sér eða ásamt öðrum þáttum sem eru undir stjórn aðilanna, að markmiði:

- að takmarka sölu þátttakenda sérválsins dreifikerfis á varahlutum í vélknúin ökutæki til sjálfstæðra aðila sem nota varahlutina til viðgerða og viðhalds á vélknúnu ökutæki,
- takmörkun, sem birgir upprunalegra varahluta, viðgerðarverkfæra eða bilanagreinis eða annars búnaðar og framleiðandi vélknúinna ökutækja semja um sín á milli, og skerðir möguleika birgisins á að selja viðurkenndum eða sjálfstæðum dreifingaraðilum eða notendum þessar vörur,
- takmörkun sem framleiðandi vélknúinna ökutækja, sem notar íhluti í frumsamsetningu vélknúinna ökutækja, og birgir þessara íhluta semja um sín á milli og skerðir möguleika birgisins til að setja vörumerki sitt eða kennimerki á íhluti eða á varahluti þar sem þau sjást vel og greinilega.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

6. gr.

Frávik frá beitingu þessarar reglugerðar

Samkvæmt 1. gr. a í reglugerð nr. 19/65/EBE getur framkvæmdastjórnin ákveðið með reglugerð að þar sem samhliða netkerfi svipaðra lóðréttra hamla ná yfir meira en 50% af viðkomandi markaði skuli reglugerð þessi ekki gilda um lóðrétt samninga sem í eru tilteknar takmarkanir sem varða þann markað.

7. gr.

Eftirlits- og matsskýrsla

Framkvæmdastjórnin mun fylgjast með beitingu þessarar reglugerðar og taka saman skýrslu þar um eigi síðar en 31. maí 2021, einkum með hliðsjón af þeim skilyrðum sem sett eru fram í 3. mgr. 101. gr. sáttmálans.

8. gr.

Gildistími

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 2010.

Hún fellur úr gildi 31. maí 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. maí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.
